

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Deiliskipulag Norður-Brekku, neðri hluta.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 2. júlí 2015 samþykkt deiliskipulag fyrir Norður-Brekku, neðri hluta.

Skipulagssvæðið afmarkast af Þórunnarstræti í vestri, Glerárgötu í norðri, Klapparstíg, Brekkugötu, Krákustíg og Oddeyrargötu í austri og Þingvallastræti í suðri.

Skipulagið gerir ráð fyrir fjórum nýjum byggingarlóðum auk þess sem byggingarreitir eru afmarkaðir á öllum lóðum. Bílastæði eru skilgreind ásamt gönguleiðum og útivistarsvæðum.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi deiliskipulag fyrir leikskóla við Helgamagrastræti frá 2004 og deiliskipulag Baldurshaga frá 2005, ásamt síðari breytingum.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 2. júlí 2015,

Anna Bragadóttir, verkefnastjóri skipulagsmála.